

893. máli á 153. löggjafarþingi

Dómstólar (sameining héraðsdómstólanna)

Umsögn Halldórs Björnssonar og Hervorar Þorvaldsdóttur

Við undirrituð stjórnarmenn í Dómstólasýslunni leyfum okkur hér með að koma á framfæri örfáum athugasemdum varðandi frumvarp dómsmálaráðherra um sameiningu dómstólanna sem liggur nú fyrir þinginu, en frestur til athugasemda mun hafa verið framlengdur til dagsins í dag. Í stuttu máli er afstaða okkar sú að við teljum að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og lúta að sameiningu dómstólanna séu ekki til þess fallnar að styrkja dómstóla landsins eins og markmið frumvarpsins hlýtur að vera. Þvert á móti teljum við að frumvarpið muni leiða til þess að draga úr sjálfstæði þeirra. Við leyfum okkur að vísa til athugasemda dómstjóra á landsbyggðinni og jafnframt að taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Virðingarfyllt

Í Reykjavík og á Ísafirði 17. apríl 2023

Halldór Björnsson

Hervör Þorvaldsdóttir